



Tillaga að deiliskipulagi Klausturvegar 4 Mkv 1:1500



Snið A-A1 Mkv 1:750

SKÝRINGAR

Mörk skipulagssvæðis	Byggingareitur Errósafnsins	Gönguleið stofnstigur	Undirstöður fyrir göngubrú- eingöngu til skýringar
Lóðamörk	Núverandi byggingar	Gönguleið tengistigur	Svæði fyrir göngubrú
Byggingareitur	Nýjar byggingar- eingöngu til skýringar	Vegur	Gróðurbeð- eingöngu leiðbeinandi
Byggingareitur leikskóla	Stærð byggingareits	Kvöð um aðkeyrslu/aðgengi	Trjágróður - eingöngu leiðbeinandi
Byggingareitur núverandi grunnskóla	Afnotareitur leikskóla	Fjöldi bílastæða og staðsetning	Reiðhólagrindur - eingöngu leiðbeinandi
Byggingareitur viðbyggingar grunnskóla	Afnotareitur grunnskóla	Bílastæði hreyfihlaðra	Djúpgámar - eingöngu leiðbeinandi
Byggingareitur núv. sundlaugar og íþróttahúss	Strandblakvöllur	Bílastæði fyrir rafmagnsbíla / vistvæna bíla	Battavöllur - sýndur eingöngu til skýringar

Greinargerð

Afmörkun

Skipulagssvæðið er um 4,7 ha og afmarkast af S1 sem er skilgreint sem svæði fyrir þjónustustofnanir og af óbyggðu svæði í Aðalskipulagi Skaftárhrepps en innan reitsins er m.a. Kirkjubæjarskóli, sundlaug, íþróttahús, þekkingarsetur o.fl. Svæðið afmarkast af Laugarvegi í austri, Klausturvegi í norðri, Fossá í vestri og deiliskipulagi gestastofu Vatnajökuls í suðri.

Deiliskipulagssvæðið nær yfir eina lóð en innan hennar er skólalóð, leikskólalóð, íþróttahús og sundlaug. Gert er ráð fyrir viðbyggingum við skóla, nýjum leikskóla sem verður sambyggingur skóla með tengbyggingu og Erróssetri í framhaldi af þekkingarsetri. Á síðustu árum hefur orðið talsverð fjölgun íbúa í Skaftárhreppi og hefur börnum á leikskóla aldri fjöggað mikið og er séð fram á að núverandi leikskóli sé ekki nægilega stór. Skaftárhreppur ætlar að bygga nýjan og stærri leikskóla sem verður samtengdur skólanum til þess að geta nýtt sameiginlega innviði með skólanum og auðveldað flæði á milli skólastiga.

Markmið deiliskipulagsins er að búa til heildstætt skólarsvæði fyrir sveitarfélagið þar sem gott flæði er á milli skólastiga í tengslum við þekkingarsetur og Errósafn. Með því verða til öflugir innviðir fyrir menntun barna og tómstundir sem er liður framtíðarsýn Skaftárhrepps að verða eftirsóknarvert sveitarfélag þar sem samstarf einkennir samfélagið.



Aðkoma

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá Klausturvegi eða Laugarvegi. Inn á deiliskipulagsuppdrætti er sýnd tillaga að lega nýs Laugarvegur inn á svæðið, en hann er aðeins sýndur til skýringar enda er hann fyrir utan deiliskipulagsmörk.

Gönguleiðir

Göngustígar eru sýndir innan svæðisins og tengingar við aðra stíga sem liggja að svæðinu. Stígakerfið miðar að öruggum leiðum fyrir gangandi vegfarendur og lágmarkar þörf á bílastæðum. Stígarnir eru 2-3 m breiðir og nýtast því einnig sem akfærir þjónustustigar til viðhalds og fyrir viðbragðsaðila. Gera skal ráð fyrir lágrí lýsingu á megin gangstígum svæðisins. Lega göngustíga innan skólalóðar og íþróttasvæðis á uppdrætti er til viðmiðunar og staðsetning og útfærsla getur breyst við nánari hönnun svæðisins.

Almennir skilmálar

Í almennum skilmálum koma fram þær kvaðir og tilmæli sem gilda fyrir skipulagssvæðið í heild sinni.

Byggingarreitir

Á skipulagsuppdrætti eru skilgreindir fjórir byggingarreitir og eru heimildir um uppbyggingu innan þeirra skilgreindar í sérskilmálum.

G - Byggingarreitur núverandi byggingar, leyfilegt lítilsháttar útbyggingar og lagfæringar á húsi, viðbótarbyggingarmagn allt að 1610 m².

I - Byggingarreitur nær yfir allt sundlaugarsvæðið. Á byggingarreitnum er heimilud aukin uppbygging á sundlaugarsvæði sem tengist starfsemi svæðisins s.s. heitir pottar, tæknirými, gufubað o.fl. heildar viðbótar byggingarmagn allt að 500 m².

V - Byggingarreitur fyrir viðbyggingu fyrir skóla og tónlistarskóla, leyfilegt byggingarmagn 835 m² grunnflötur á einni hæð, auk geymslu í kjallara.

L - Byggingarreitur leikskóla. Leyfilegt allt að 500m² hús á einni hæð ásamt tengbyggingu.

E - Byggingarreitur fyrir Erróssetur. Leyfilegt byggingarmagn 700 m² á tveimur hæðum.

Við þau mannvirkni þar sem byggingarreitir eru ekki skilgreindir fylgja skilmálar núgildandi byggingarnefndarteikningum. Þar sem þetta á við er þó heimilt almennt viðhald sem og uppbygging er snýr að öryggi og aðgengi s.s. brunastigar, skábrautir o.fl. sem ganga má út fyrir byggingarreit.

Sorpgeymslur

Á deiliskipulagsuppdrætti er gert ráð fyrir að í framtíðinni verði komið fyrir djúpgámum á lóð og er staðsetning leiðbeinandi. Á aðaluppdráttum skal gera grein fyrir staðsetningu og stærð sorpgeymslna. Sorpgeymslur skulu vera látláusar og aðgengi að þeim gott.

Reiðhjólalæsti

Gera skal ráð fyrir reiðhjólalæsti með góðu aðgengi við megin aðkomu helstu mannvirkja og stofnana innan lóða, á uppdrætti eru sýnd til skýringar hjólalæsti fyrir framan skólann sunnan við sundlaugin og við leikskólann.

Bílastæði

Innan deiliskipulagssvæðisins er gert ráð fyrir allt að 121 stæði auk 4 rútustæða, bílastæði við leikskóla eru 15, bílastæði við sundlaug eru 63 bílastæði plús 2 rútustæði fyrir ofan sundlaug og við Errósafn og þekkingasetur eru 43 plús 2 rútustæði. Útfærsla á bílastæðum á skipulagsuppdrætti er leiðbeinandi. Hluti bílastæða skulu vera skilgreind fyrir hreyfihlaða samkvæmt 6.2.4. gr. byggingarræglugerðar. Við starfsmannastæði skal gera ráð fyrir hleðslustöðum fyrir rafmagnsbíla.

Lóðafrágangur og gróður

Almennt skal hönnun lóða falla að þeirri starfsemi sem skilgreind er innan hennar. Tré og runnabeð skulu miða að skjóli og rýmismyndun.

Sérskilmálar

Í sérskilmálum koma fram þær heimildir, kvaðir og tilmæli sem gilda fyrir hverja lóð og leyfileg uppbygging innan hvers byggingarreits.

Lóðin

Innan lóðarinnar verður Kirkjubæjarskóli, Leikskólinn Kærabær, sundlaug, íþróttahús, tónlistarskóli, þekkingarsetur, Errósafn ofl.

Útisvæði tengd skólastarfi

Innan skólalóðar skal í hönnun skilgreina útisvæði þar sem hægt er að koma fyrir útiveru og hreyfingu tengda skólastarfi, útikennslusvæði, leikvelli og battavelli. Umfang og staðsetning svæðanna á skýringaruppdrætti er einungis til viðmiðunar og heimild er fyrir fleiri svæðum og nýjum skilgreiningum á lóðinni, engu að síður er sýndur afnotareitur skóla og leikskóla á uppdrætti.

Girðingar og afmörkun


Almennt er ekki gert ráð fyrir girðingum innan lóðarinnar nema við sundlaugarsvæði. Heimilt er að girða við útmörk lóðarinnar þar sem það á við.

Strandblakvöllur

Gert er ráð fyrir Strandblaksvelli við lóðamörk Klausturvegar 4, völlurinn er af stærðinni 16x8 og gert er ráð fyrir öryggissvæði um 2m á hliðar 3m til enda, sandurinn þarf að minnsta lagi að vera 40 cm að dýpt. Huga þarf að skjólmyndum við villinn sem hægt er að útfæra með gróðri og mönum.

Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif tillögunnar eru jákvæð þar sem verið er að stækka skólalóðina á svæðið sem er í mjög edlilegu framhaldi af núverandi skólalóð en með þessu er að bregðast við þörf í samfélaginu á stærri leikskóla í samræmi við íbúafjölgun sem hefur verið í Skaftárhreppi.



Hluti af aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022, þéttbýlisuppdráttur af Kirkjubæjarklaustri

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ 2021 og í _____ 2021.

Tillagan var auglýst frá _____ 2021 meðathugasemdafresti til _____ 2021.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2021.

BR.	DATE	BREYTING	REKNI.	TEKNI.
-----	------	----------	--------	--------

SKAFTÁRHREPPUR
 BÚSTADHREPPUR - KLAUSTURVEGAR 4 - 330 147 446

LANDMÖTUN HAFNARBORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - S. 575 5300 - KT. 551204-2710 - NETP. landrotun@landmotun.is

KLAUSTURVEGAR 4
 TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI Kirkjubæjarklaustur

DEILISKIPULAG - SKÝRINGARUPPDRÁTTUR

SKIPULAG: MÓ.BG
 TEKNI: MÓ.BG
 SAMÞYKKT

KT.

KVARDI 1:1500_A2
 VERNNR. _____
 DU-1901

KÓPAVOGLUR
 TEKNI. NR. _____
 01

DATE 6. maí 2021